HÚNAÞING VESTRA

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 14. febrúar 2025
Mál nr. 2502028 U.V.H.

Efni: Umsögn um áform um breytingu á sveitarstjórnarlögum.

Á 1238. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 17. febrúar 2025 var fjallað um mál nr. S-23/2025 í Samráðsgátt stjórnvalda: áform um breytingu á sveitarstjórnarlögum vegna mats á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð fagnar áformum hins opinbera um að bæta gæði kostnaðarmats, þ.e. mats á hugsanlegum áhrifum frumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á fjárhag sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa um langt skeið gagnrýnt skort þar á og fjölmörg dæmi um að kostnaðarmat sé ekki framkvæmt eða ekki fullnægjandi þegar það er gert, óljóst sé hvenær leita eigi umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvernig leyst skuli úr ágreiningi.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við fulltrúa innviðaráðuneytis um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.